

Samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn

FMB 27.10.08

1. Hlutverk mitt:
 - a. Ég var kallaður til starfa í forsætisráðuneytið fyrir rúmum 3 vikum og hef haft umsjón með viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og verið tengiliður við hann megnið af þeim tíma. Í viðræðunum tóku fjölmargir þátt, frá forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Seðlabanka og Fjármálaeftirliti.
 - b. Mínu hlutverki lauk sl. föstudag þegar gengið var frá samkomulagi við sendinefnd AGS og ég hef snúið til daglegra starfa sem prófessor við HR. Engu að síður er ég hér vegna þessa fyrra hlutverks.
2. Mikið starf er enn eftir óunnið í tengslum við þessa samninga. Forræði þeirrar vinnu er að sjálfsögðu hjá forsætisráðuneyti en stofnanir á borð við Seðlabankann, Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið munu bera ríka ábyrgð á framkvæmdinni.
3. Staða málsins: Fyrir liggur samkomulag íslenskra stjórnvalda og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagslegan stuðning sjóðsins. Samkomulagið byggir á áætlun íslenskra stjórnvalda sem miðar að því að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og búa í haginn fyrir framtíðarhagvöxt á Íslandi. Framkvæmdastjóri AGS hefur lýst yfir jákvæðri afstöðu til samkomulagsins en það öðlast ekki gildi fyrr en stjórn sjóðsins hefur staðfest það, væntanlega á fundi eftir rúma viku.
4. Að því gefnu að stjórn sjóðsins staðfesti samkomulagið opnar sjóðurinn á lánalínu sem Seðlabankinn getur dregið á í þrepum. Í byrjun opnast aðgangur að um 830 m USD en að hámarki verða þetta 2 mia USD sem sjóðurinn veitir aðgang að yfir tveggja ára tímabil. Þetta er um 12 faldur kvóti Íslands hjá sjóðnum og 1% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Talið er að allt að 6 mia USD í slíkum lánalínum þurfi til þess að það sé ljóst að yfirgnæfandi geta sé til þess að sjá fyrir gjaldeyrispörf landsins á næstunni. Þannig myndast kjölfesta fyrir peninga- og gengisstefnuna. Unnið er að því, m.a. hjá Seðlabankanum o.fl., að afla viðbótar lánalína þannig að þessari heildarfjárhæð sé náð.
5. Meginmarkmið efnahagsáætlunarinnar eru eftirfarandi:
 - a. Að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar með markvissum aðgerðum í peninga- og gengismálum
 - b. Að undirbúa markvissar aðgerðir til að styrkja stöðu ríkissjóðs
 - c. Að endurreisa íslenskt bankakerfi
6. Íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir risavöxnu verkefni.
 - a. Horfur: Fyrirsjáanlegur er verulegur samdráttur í efnahagslífinu.
 - i. reiknað er með allt að 10% samdrætti í landsframléiðslu á næsta ári. Gert er ráð fyrir að þessi samdráttur verði fremur skammvinnur og hagvöxtur nái sér aftur á strik á síðari hluta ársins 2010.

- ii. Reiknað er með að samhliða því að gengi krónunnar nái jafnvægi lækki verðbólga verulega, verði um 4,5% yfir næsta ár og fari enn lækkandi eftir það.
 - iii. Gert er ráð fyrir að afgangur myndist á viðskiptajöfnuði – sennilega strax á þessum ársfjórðungi. Þetta mun styðja við gengi krónunnar.
 - iv. Styrking gjaldeyrisforðans er nauðsynleg samhliða þessu til að tryggja að ekki myndist lánsfjákræppa í landinu. Hver þörfin á erlendum gjaldeyri til viðbótar við það sem berst inn í landið eftir venjulegum leiðum er háð töluverðri óvissu. Töluvert borð er fyrir báru hvað þetta varðar í þeirri heildarfjárhæð sem nefnd var að framan (6 mia.).
- b. Fjármál ríkisins: Skuldir ríkissjóðs munu aukast mjög á næstunni.
- i. Endurfjármögnun bankanna (þ.m.t. SBÍ) og fyrirsjáanlegur halli á ríkissjóði á næsta ári kosta sennilega um 700 milljarða króna. Vert er að benda á að lánalína AGS er ekki ætluð til þessara nota.
 - ii. Það væri óskynsamlegt að auka enn á niðursveifluna sem fyrirsjáanleg er á næsta ári með því að reyna að ná jöfnuði á ríkissjóði og í áætluninni felast ekki slíkar fyrirætlanir. Hins vegar er ljóst að bregðast verður við stórfelldri skuldasöfnun þegar til lengri tíma er litið. Það verður best gert með því að gera trúverðuga áætlun um það hvernig ríkið mun vinna sig út úr þessari stöðu – ná fyrst að stöðva skuldasöfnun vegna hallarekstrar og lækka síðan skuldirnar samhliða því að efnahagslífið nær sér aftur á strik.
- c. Peninga- og gengismál:
- i. Gjalddeyrismarkaðurinn er nú í lamasessi og miðlunarferli peningamála er brotið. Opna þarf á eðlileg viðskipti milli Íslands og annarra landa, en ná jafnframt tökum á verðbólgu og sveiflum í gengi krónunnar. Taka þarf eitt skref í einu og fyrsta skrefið er að leyfa genginu að ráðast á markaðsforsendum.
 - ii. Vegna samdráttar í innflutningi og aukinna útflutningstekna eru horfur á töluverðum afgangi á viðskiptajöfnuði sem ætti að öðru jöfnu að styrkja við gengið. Hins vegar er líklegt að til skamms tíma myndist þrýstingur á gengið til lækkunar vegna útstreymis úr krónu í gjaldeyri. Það þarf því að hafa ákveðinn viðbúnað til að bregðast við þessu og koma í veg fyrir miklar sveiflur. Stórefling gjaldeyrisforðans er nauðsynlegur bakhjarl í þessu þrepi til þess að hægt sé að grípa inn í markaðinn, en jafnframt þarf að veita þétt aðhald í peningamálum til að takmarka möguleikana á því að laust fé streymi úr krónunni í gjaldeyri.
 - iii. Vert er að vekja athygli á því að hér liggur ábyrgðin ekki alfarið hjá stjórnvöldum. Miklu skiptir að aðilar haldi ró sinni og hafi í huga að hvað sem líður skammtímasveiflum þá er krónan of lág og á eftir að styrkjast þegar litið er til lengri tíma. Útflytjendur mega ekki halda að sér höndum og bíða þess að krónan „ná botni“. Það skiptir gríðarlega miklu varðandi það að hér komist á jafnvægi í gengismálum að þeir komi með gjaldeyri til landsins.
- d. Þegar jafnvægi hefur náðst á gjalddeyrismarkaði og verðbólga fer lækkandi verður hægt að slaka á aðhaldi í peningamálum. Ef vel tekst til mun þessu marki verða náð á tiltölulega skömmum tíma.



IMF Announces Staff Level Agreement with Iceland on US\$2.1 Billion Loan

Press Release No. 08/256
October 24, 2008

Mr. Dominique Strauss-Kahn, Managing Director of the International Monetary Fund (IMF), issued the following statement on Iceland today:

"An IMF staff mission and the Iceland authorities have today reached an ad referendum agreement on an economic program supported by an SDR 1.4 billion (about US\$2.1 billion) loan under a two-year Stand-By Arrangement. Following review by Management, the agreement could be presented to the IMF Executive Board for approval in early November. Iceland would be able to draw SDR 560 million (US\$833 million) immediately after Board approval.

"Iceland has put together an ambitious economic program, which aims to restore confidence to the banking system, to stabilize the krona through strong macroeconomic policies, and to help the country achieve medium-term fiscal consolidation following the collapse of its banking system. I believe these strong policies justify the high level of access to Fund resources—equivalent to 1,190 percent of Iceland's quota in the IMF—and deserve the support of the international community.

"The authorities' program is focused on the essential upfront measures needed to restore confidence and economic and financial stability. The overarching goal is to support Iceland's effort to adjust to the economic crisis in a more orderly and less painful way," Mr. Strauss-Kahn said.

IMF EXTERNAL RELATIONS DEPARTMENT

Public Affairs	Media Relations
Phone: 202-623-7300	Phone: 202-623-7100
Fax: 202-623-6278	Fax: 202-623-6772